

# Ólafur Ísleifsson

Kynningarbréf vegna kosninga til Kirkjubings 2022

Kæru kjörmenn.

Ég býð mig fram til Kirkjubings eftir hvatningu frá kirkjufólki sem ég met mikils. Ég mun leggjast á árar með kirkju og kristni í landinu fái ég umboð ykkar til þess.

Ég er fæddur í Reykjavík 10. febrúar 1955, sonur hjónanna Ísleifs A. Pálssonar og Ágústu Jóhannsdóttur. Hjá foreldrum mínum hlaut ég kristilegt uppeldi, var signdur á hverju kvöldi og voru kenndar bænir.

Ég lauk stúdentsprófi frá MR. Ég hef BSc-próf í stærðfræði og doktorspróf í hagfræði frá Háskóla Íslands. Ég lauk meistaraprófi í hagfræði frá London School of Economics.

Ég á að baki fjölbreyttan starfsferil, lengst af í Seðlabanka Íslands og sem háskólakennari í hagfræði og skyldum greinum. Síðustu fjögur ár sat ég á Alþingi.

Ég þekki vel til mála Þjóðkirkjunnar. Ég sat í sóknarnefnd Hallgrímskirkju 1994-2002 og var varamaður í stjórn Kirkjugarða Reykjavíkur. Ég hef reynslu af starfi á sviði menningarmála sem stjórnarmaður í Listvinafélagi Hallgrímskirkju og sem formaður stjórnar Stofnunar Sigurðar Nordals um sex ára skeið.

Á Alþingi beitti ég mér í þágu kirkju og kristni í landinu. Ég lagði fram þingmál um vernd Víkurgarðs við Aðalstræti sem á þúsund ára sögu sem spannar 30 kynslóðir Reykvíkinga. Ég var meðflutningsmaður að frumvarpi um kristinfræðikennslu í skólum. Ég varði kirkjuna þráfaldlega gagnvart aðilum sem sætta sig ekki við fjárhagslegt sjálfstæði kirkjunnar í krafti kirkjujarðasamkomulagsins og vernd Þjóðkirkjunnar í stjórnarskrá. Ég átti sæti í samstarfsnefnd Alþingis og Þjóðkirkjunnar.

Á Alþingi beitti ég mér í þágu kristilegra gilda, varði lífsrétt ófæddra barna og beitti mér í þágu heimila, fjölskyldna og barna, langveikra og fatlaðra barna. Eins beitti ég mér fyrir bættum kjörum aldraðra, öryrkja og láglaunafólks.

Ég vil standa vörð um Þjóðkirkjuna í íslensku samfélagi, ég vil efla tengsl kirkju og skóla, ég vil að æskufólk njóti þess að kynnast Biblíunni og fagnaðarerindi kristninnar. Biblían er forsenda þess að skilja sögu landsins og menningu. Íslensk tunga er í menningarlegu tilliti og málfarslegu undir sterkum áhrifum frá Biblíunni.

Fjárhagsmálefni kirkjunnar færast nú í auknum mæli til Kirkjubings. Í því ljósi tel ég að menntun mín í hagfræði og fjármálum og reynsla af setu í fjárlaganefnd Alþingis geti komið að gagni í störfum á Kirkjubingi.

Ég leita eftir stuðningi ykkar til að geta á Kirkjubingi lagt mig allan fram í þágu Þjóðkirkjunnar.

Með kærri kveðju,  
Ólafur Ísleifsson

